



**STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING**  
**FOSSA MARKAÐA HF.**  
FYRIR ÁRIÐ 2021

*Fossar leggja ríka áherslu á stöðuga þróun góðra stjórnarháttanna, enda leggja þeir grunninn að traustum og vönduðum samskiptum hluthafa, stjórnar, starfsmanna, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila. Þá stuðla góðir stjórnarhættir Fossa að ábyrgri ákvarðanatöku, með traust og fagmennsu að leiðarljósi.*

## Lagarammi um starfsemina

Starfsemi Fossa markaða hf. („Fossar“ eða „félagið“) er starfsleyfisskyld og lýtur félagið eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands („FME“), á grundvelli laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998.

Fossar eru verðbréfafyrirtæki sem þjónustar innlenda og erlenda fjárfesta á sviði verðbréfamiðlunar, fyrirtækjaráðgjafar og eignastýringar. Félagið starfar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Þau lög sem að auki gilda um starfsemi félagsins eru m.a. lög um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021, lög um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018, lög um hlutafélög nr. 2/1995, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021 og lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónu- upplýsinga. Nálgast má helstu lög og reglur sem gilda um starfsemi Fossa á heimasíðu FME, [www.fme.is](http://www.fme.is).

## Viðskiptastefna og gildi

Fossar eru framsækið félag sem leggur áherslu á fagmennsku, árangur og traust.

Markmið stjórnenda Fossa er að starfsemi félagsins fari ávallt fram í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem og eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti á fjármálamarkaði með hagsmuni viðskiptavina félagsins að leiðarljósi. Í því skyni að tryggja það hafa Fossar sett sér fjölda innri reglna og stefnur sem gilda um starfsemina. Góðir stjórnarhættir stuðla að traustum samskiptum stjórnar, hluthafa, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila, svo sem starfsmanna Fossa og almennings. Jafnframt leggja stjórnarhættir félagsins grunn að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku. Stjórn félagsins leggur ríka áherslu á góða stjórnarhætti og endurmetur stjórnarhætti sína reglulega með tilliti til viðurkenndra leiðbeininga.

Fossar fylgja leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja eins og þær eru hverju sinni. Sökum smæðar Fossa markaða hf. mun félagið í einhverju víkja frá einstökum

atriðum leiðbeininganna en þau frávik eru útskýrð hér að neðan.

## Fylgni við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti

Stjórnarháttayfirlýsing Fossa byggir á lögum og reglum og viðurkenndum leiðbeiningum sem í gildi eru á þeim tíma sem ársreikningur félagsins er staðfestur af stjórn. Stjórnarháttayfirlýsingin er gerð í samræmi við ákvæði 7. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og er í öllum meginatriðum í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu, útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ Iceland og Samtökum atvinnulífsins í júlí 2021 („leiðbeiningarnar“). Fossar fylgja að auki í meginatriðum viðmiðunarreglum Evrópsku Bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (EBA/GL/5/2021/EB).

## Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

Samkvæmt leiðbeiningunum ber að tilgreina og skýra hvort vikið sé frá þeim að hluta og þá hvaða, auk þess sem greina skal frá ástæðum frávika. Fossar fylgja reglunum í samræmi við stærð og umfang rekstursins og því eru nokkur frávik gerð frá leiðbeiningunum, sbr. eftirfarandi:

- Regla 1.1.2 í leiðbeiningunum: Sökum samsetningar hluthafa Fossa og hversu fáir eigendur eru að félaginu munu ekki verða veittar upplýsingar um tímasetningu hluthafafunda Fossa markaða hf. á heimasíðu félagsins. Séu teknar ákvarðanir á hluthafafundum sem snerta viðskiptavinum munu viðskiptavinir verða upplýstir um slíkt á heimasíðu félagsins.

- Regla 1.4 í leiðbeiningunum: Sökum samsetningar hluthafa Fossa og hversu fáir eigendur eru að félaginu er ekki talin þörf á sérstakri tilnefningarnefnd vegna stjórnarkjörs. Í þessu sambandi þykir rétt að geta þess að sérreglur gilda um fjármálafyrirtæki um mat á samsetningu stjórna í fjármálafyrirtækjum.

- Regla 2.8 í leiðbeiningunum: Fjármálaeftirlitið hefur veitt Fossum undanþágu frá því að starfrækja innri endurskoðunardeild. Af þeim sökum munu Fossar ekki að fylgja öllu því sem tiltekið er í reglu 2.8. Eftir sem áður ber stjórn félagsins ábyrgð á innra eftirliti og skilar árlega skýrslum til FME.

- Regla 2.9.2. í leiðbeiningunum: Fossar hafa ekki sett sér sérstaka stefnu um fjölbreytileika stjórnar, framkvæmdastjórnar og æðstu stjórnenda. Fossar hafa þó sett sér reglur um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna samkvæmt viðmiðunarreglum EBA/ESMA og með hliðsjón af 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, ákvæðum reglna nr. 150/2017 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja og leiðbeiningunum.

- Regla 2.10 í leiðbeiningunum: Fossar hafa ekki sett sérstakar reglur eða ferla um samskipti við hluthafa. Félagið leggur mikla áherslu á að fylgja efni leiðbeininganna sem og gildandi lögum og reglum í samskiptum við hluthafa.

- Regla 5 í leiðbeiningunum: Sökum smæðar Fossa hefur stjórn félagsins ekki talið þörf á stofnun undirnefnda.

- Regla 6.2 í leiðbeiningunum: Fossar birta ekki á vefsíðu sinni ófjárhagslegar

upplýsingar í starfsmannamálum, mannréttindamálum og spillingar- og mútumálum. Stefna félagsins í umhverfismálum og samfélagsmálum er birt í sjálfbærnistefnu.

- Regla 6.3 í leiðbeiningunum: Fossar munu ekki birta á heimasíðu sinni upplýsingar um hluthafafundi, hvernig framboðum til stjórnar verður komið á framfæri, upplýsingar um undirnefndir eða fundargerðir hluthafafunda. Ófjárhagsleg upplýsingagjöf er takmörkuð, sbr. næsta lið hér á undan.

## Samfélagsábyrgð og sjálfbærni

Það er markmið Fossa að vera í fararbroddi íslenskra fyrirtækja í samfélagslegri ábyrgð og sjálfbærni, bæði í eigin starfsemi og í gegnum víðtæk áhrif starfseminnar á viðskiptavinum og aðra haghafa. Sjálfbærnisjónarmið hafa ávallt verið höfð að leiðarljósi í starfsháttum félagsins og hafa Fossar sett sér sjálfbærnistefnu.

Fossar eru aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar, Principles for Responsible Investment (UN PRI). Með þeirri aðild skuldbinda Fossar sig opinberlega til að innleiða og útfæra meginreglur þeirra í starfsemi sinni. Einnig eru Fossar aðili að IcelandSif, umræðuvettvangs um ábyrgar fjárfestingar, sem hefur það markmið að efla þekkingu á sjálfbærum og ábyrgum fjárfestingum.

Fossar hafa fengið viðurkenningu CreditInfo frá árinu 2018 fyrir að vera framúrskarandi fyrirtæki. Félagið hefur einnig komist á lista Viðskiptablaðsins og Keldunnar yfir fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri frá því að listinn kom fyrst út.

Fossar hafa verið brautryðjandi í umsjón með útgáfu grænna skuldabréfa. Félagið hafði umsjón með fyrstu útgáfu grænna skuldabréfa hér á landi og hefur verið leiðandi ráðgjafi á markaði með grænar skuldabréfaútgáfur.

Þá var félagið fyrst innlendra fyrirtækja til að gerast aðili að Climate Bonds Initiative (CBI), alþjóðlegra samtaka sem vinna að því að virkja skuldabréfamarkaði í þágu umhverfismála á heimsvísu.

Þá hefur eignastýringarvið Fossa innleitt verklag um ábyrgar fjárfestingar í sinni starfsemi.

Frekari upplýsingar um samfélagsábyrgð og sjálfbærni Fossa markaða má finna í sjálfbærnistefnu félagsins sem birt er á vefsíðu Fossa.

## Innra eftirlit

Stjórn Fossa ber ábyrgð á því að fyrir hendi sé virkt kerfi innra eftirlits hjá félaginu. Innra eftirlit Fossa er skipulagt út frá þremur varnarlínum, með það að markmiði að tryggja skilvirkni og samræmingu ábyrgðar.

Í fyrstu varnarlínu eru stjórnendur og starfsmenn viðskipta- og stoðeininga, sem hafa umsjón með daglegum rekstri félagsins. Fyrsta varnarlína ber ábyrgð á að koma á og viðhalda skilvirkni innra eftirliti og stýra áhættu í daglegum rekstri. Fyrsta varnarlína skal hafa til staðar viðeigandi ferla og eftirlit sem miðar að því að greina og milda áhættu í samræmi við áhættuvilja félagsins, og sömuleiðis að starfsemin sé í samræmi við kröfur samkvæmt lögum og innri reglum og ferla.

Önnur varnarlína samanstendur af innri eftirlitseiningum félagsins. Hlutverk annarrar varnarlínu er að tryggja að fyrsta varnarlína komi á fullnægjandi innra eftirliti og að því sé fylgt sem skyldi. Megineiningar annarrar varnarlínu eru regluvarsla og áhættustýring. Aðrar einingar kunna að fá hlutverk í þessari varnarlínu. Stjórn skipar regluvörð og ritar undir erindisbréf hans. Meginhlutverk regluvörslu er að gæta þess að Fossar viðhaldi viðeigandi verklagi til að greina hættu á misbrestum í starfsemi sinni og lágmarka slíka hættu. Skýrslur og niðurstöður innri endurskoðanda og regluvarðar eru birtar stjórn milliliðalaust. Stjórn hefur samþykkt verklagsreglur áhættustýringar sem og áhættustefnu Fossa og skal tryggja að innri ferlar og umgjörð vegna áhættustýringar séu yfirfarnir eigi sjaldnar en árlega.

Þriðja varnarlína samanstendur af innri endurskoðun. Markmið þriðju varnarlínu er að framkvæma sjálfstæðar úttektir á skilvirkni innra eftirlits. Innri endurskoðun er í höndum Grant Thornton endurskoðun ehf. samkvæmt samningi. Innri endurskoðandi framkvæmir árlega sjálfstæða og óháða skoðun á starfsemi félagsins. Skýrsla innri endurskoðanda er árlega lögð fyrir stjórn.

## Endurskoðun og reikningsskil

Samkvæmt lögum ber stjórn og forstjóra að sjá til þess að félagið haldi bókhald í samræmi við lög og reglur, að meðferð eigna þess sé með tryggum hætti og að virkt innra eftirlit sé til staðar. Forstjóri sér til þess að stjórn fái reglulega nákvæmar upplýsingar um fjármál og rekstur félagsins. Árs- og árshlutareikningar eru lagðir fyrir stjórn til samþykktar.

Reikningsskil eru unnin af stjórn og forstjóra í samræmi við ársreikningalög, og endurskoðun er samkvæmt samningi í höndum KPMG ehf.

## Stjórn og forstjóri

Í stjórn Fossa sitja þrír einstaklingar ásamt tveimur varamönnum. Stjórnarmenn eru kosnir á hverjum aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins fer með málefni þess á milli hluthafafunda í samræmi við lög, reglur og samþykktir félagsins.

Stjórn hefur eftirlit með starfsemi félagsins og að hún sé ávallt í samræmi við lög og reglur. Stjórn Fossa mótar stefnu félagsins og leggur mikla áherslu á reglufestu sé fylgt í starfsemi félagsins. Helstu verkefni, skyldur og hlutverk stjórnar eru skilgreind ítarlega í starfsreglum stjórnar sem settar eru á grundvelli 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2010 og samþykktar félagsins. Starfsreglur stjórnar eru birtar á vefsíðu félagsins.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra, en hann ber starfsheitið forstjóri. Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í því sambandi fara eftir stefnu og fyrirmælum sem stjórn félagsins hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Forstjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og að fjárreiður þess séu með tryggum hætti.

Árangursmat stjórnar Fossa fer fram árlega. Stjórn metur störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og frammistöðu stjórnarformanns og forstjóra. Stjórn yfirfer og metur þróun félagsins og hvort hún sé í samræmi við

markmið þess. Í slíku mati leggur stjórn m.a. mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugar að því sem það telur að betur megi fara.

Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega. Meðlimir í stjórn Fossa eru vel menntaðir og hafa mikla reynslu af störfum á fjármálamarkaði.

## **Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits-eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað**

Á árinu 2021 komu ekki fram athugasemdir frá viðeigandi eftirlits- og/eða úrskurðaraðilum sem fólu í sér viðurlög vegna brota á lögum og reglum. Upplýsingar um dómsmál tengd Fossum er að finna í skýringum með ársreikningi félagsins.

## STJÓRN FOSSA



**Sigurbjörn Þorkelsson, formaður stjórnar**

Sigurbjörn (f. 1966) hefur unnið hjá erlendum fjármálafyrirtækjum allan sinn starfsferil í New York, London, Tokyo og Hong Kong og hefur víðtæka reynslu af því að leiða og byggja upp fjárfestingabankastarfsemi. Á Íslandi hefur Sigurbjörn verið fjárfestir, einkum í sprotafélögum, setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja, verið ráðgjafi ríkis- stjórnarinnar og formaður stjórnar Sinfóníu- hljómsveitar Íslands.

Sigurbjörn er verkfræðimenntaður frá Háskóla Íslands og með M.Sc. gráðu frá Stanford háskóla í Bandaríkjunum. Sigurbjörn, ásamt eiginkonu sinni, á óbeint um 57,4% hlutfjár í A-flokki hlutabréfa í Fossum. Ekki er um að ræða nein hagsmunatengsl milli Sigurbjarnar og helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila Fossa markaða hf.



**Kolbeinn Arinbjarnarson, stjórnarmaður**

Kolbeinn (f. 1962) starfaði í 10 ár hjá Icelandair á ýmsum sviðum og varð því næst framkvæmdastjóri Air Iceland áður en hann stofnaði sitt eigið fyrirtæki, Calidris sem þróaði tæknilausnir fyrir flugfélög. Calidris var selt til Sabre Corporation í Bandaríkjunum og starfaði Kolbeinn sem framkvæmdastjóri hjá því félagi í fjögur ár þar til hann hætti til þess að vinna sjálfstætt sem ráðgjafi og fjárfestir ásamt því að sitja í stjórnnum fyrirtækja.

Kolbeinn er verkfræðimenntaður frá Háskóla Íslands og með M.Sc. gráðu frá Stanford háskóla í Bandaríkjunum. Kolbeinn á óbeint 1,05% hlutfjár í A-flokki hlutabréfa í Fossum mörkuðum hf. Ekki er um að ræða nein hagsmunatengsl milli Kolbeins og helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila Fossa markaða hf. Kolbeinn er óháður félaginu og stórum hluthöfum.



**Brynja Baldursdóttir, stjórnarmaður**

Brynja (f. 1976) er framkvæmdastjóri Greiðslumiðlunar Íslands (GMÍ). Áður var Brynja framkvæmdastjóri Creditinfo á Íslandi samhliða því að vera svæðisstjóri Creditinfo Group í Norður- og Suður Evrópu. Brynja hefur mikla reynslu af stjórnun í tækni- og söluumhverfi en hún starfaði meðal annars sem forstöðumaður hjá Símanum og samstæðustjóri hjá OZ.

Brynja er með B.Sc. gráðu í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og M.Sc. gráðu í aðgerðagreiningu frá Georgia Institute of Technology í Atlanta í Bandaríkjunum. Eiginmaður Brynju er Jón Guðni Ómarsson, fjármálastjóri Íslandsbanka hf. Ekki er um að ræða önnur hagsmunatengsl milli Brynju og helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila Fossa markaða hf. Brynja er óháð félaginu og stórum hluthöfum.





**Gunnar Egill Egilsson, varamaður í stjórn**

Gunnar Egill (f. 1979) er meðeigandi að Nordik lögfræðistofu þar sem hann sinnir lögfræðiráðgjöf og málflytningi. Sérsvið Gunnars Egils er skatta- og félagaréttur og veitir hann smáum og stórum fyrirtækjum ráðgjöf í þeim málaflokkum. Ásamt lögmennskunni hefur Gunnar Egill sinnt gestakennslu í Háskólanum í Reykjavík og verið atkvæðamikill í félagsmálum. Gunnar Egill er með B.A. og M.A. í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Ekki er um nein hagsmunatengsl milli Gunnars Egils og helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila Fossa Gunnar er óháður félaginu og stórum hluthöfum.



**Aðalheiður Magnúsdóttir, varamaður í stjórn**

Aðalheiður (f. 1969) er fjárfestir og situr í stjórnnum ýmissa fyrirtækja. Aðalheiður starfaði lengi við vörustefnu, auglýsinga- og markaðsmál fyrir ýmis fyrirtæki í New York, London og Hong Kong. Aðalheiður rekur Ásmundarsal sem er sjálfstætt starfandi sýningarsalur og situr í stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss.

Aðalheiður er með BA gráðu í hönnun og markaðsmálum frá Parsons School of Design í New York auk þess að hafa stundað nám í listrænni stjórnun og framleiðslu frá Central Saint Martins í London.

Aðalheiður, ásamt eiginmanni sínum, á óbeint um 57,4% hlutafjár í A-flokki hlutabréfa í Fossum. Ekki er um að ræða nein hagsmunatengsl milli Aðalheiðar og helstu viðskipta- aðila og samkeppnisaðila Fossa markaða hf.



## FRAMKVÆMDASTJÓRI FOSSA



### **Haraldur I. Þórðarson, forstjóri**

Forstjóri Fossa er Haraldur I. Þórðarson (f. 1979), Haraldur hefur starfað tengt fjármálastarfsemi í tæp 20 ár og hefur þar af gengt framkvæmdastjórastöðu og setið í framkvæmdastjórn hjá fyrirtækjum í fjármála-geiranum í 15 ár. Áður en hann tók við stöðu forstjóra hjá Fossum mörkuðum hf. var

Haraldur framkvæmdastjóri Markaðsviðskipta hjá Straumi fjárfestingabanka hf. og gegndi hann því starfi frá seinni hluta árs 2011 fram til janúarloka 2015. Haraldur sat jafnframt í framkvæmdastjórn bankans á sama tímabili. Þar áður var Haraldur framkvæmdastjóri fjárstýringar hjá Exista hf. frá árinu 2007 til 2010 og var jafnframt forstöðumaður fjármögnunar hjá sama félagi frá árinu 2006. Haraldur átti einnig sæti í framkvæmdastjórn hjá Exista hf. Haraldur starfaði innan fjárstýringar hjá Kaupþingi banka hf. frá árinu 2003 til 2006 og vann á ýmsum sviðum bankans s.s. eignastýringu og fjárstýringu með námi á tímabilinu 2000 – 2003. Haraldur var einnig varamaður í stjórn GAM Management hf. árið 2011 og hann gegndi einnig stöðu

varamanns í stjórn Lýsingar hf. um nokkurt skeið. Haraldur situr nú í stjórn félaganna H3 ehf., Hrafn ehf. og Agustson ehf.

Haraldur útskrifaðist með B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2003 og árið 2011 útskrifaðist hann með MBA gráðu (Global Executive MBA) frá IESE Business School. Haraldur er jafnframt með próf í verðbréfavíðskiptum.

Haraldur á óbeint um 25,5% hlutabréf í A flokki og um 24,5% hlutafjár í B-flokki hlutabréfa í Fossum mörkuðum hf. en ekki er um neina kaupréttarsamninga að ræða milli hans og félagsins. Ekki er um að ræða nein hagsmunatengsl milli Haraldar og helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila Fossa.

---

Samþykkt á fundi stjórnar þann 28. janúar 2022